

Fundur 15.11.2021 Halldór Vigfússon

Komið þið sælir, komið þið sælir,

*Já komdu sæll,*

Ætla ég nú bara að tala í stutta stund, finn ég að orkan, finn ég að það getur hjálpað upp á orkuna.

Er ég alltaf hér í þessum sal, ég missi varla af einum einasta fundi. Við fögnum mjög að heyra í ykkur og höfum miklar áætlanir um mörg sambönd og

*Hvort ert þú Þorsteinn eða Ingvar?*

Nei ég er ekki alveg, ég er ykkar gamli félagi, það eru einhver vandræði með orkuna,.

Ég er alltaf jafn hress hérna megin og ég hef ekki fundið fyrir þeim gömlu krankleikum sem hrjáðu mig á jörðinni.

Vona ég að þið dragið strákinn á fund svo hann sé ekki alltaf í þessu kristna starfi.

*Hvaða strákur er það?*

Bíddu aðeins, þið þekkið mig, ég kom oft á fundina, það er orðið svolítið síðan ég fór, og það eru Svörtu loft að herja á ykkur eins og áður, Halldór Vigfússon.

*Blessaður, velkominn.*

*Já strákurinn þinn var eitthvað að rugla blessaður.*

Já, þið þurfið bara að virkja hann og fá hann í starfið.

*Já, já.*

Já, ég var að fylgjast með þessu, sit hérna alltaf nálægt,

*Síðast þegar þú komst sagðir þú okkur af ferð sem þú fórst í sem gekk nú ekki rosavel, á dimma staði.*

Já, já það er stórkostlegt að fá slík tækifæri, en það er rétt, það gekk ekki alveg sem skyldi.

Já, já, það biðja allir að heilsa, já ég fæ ekki ráðið því hvenær mér veitist slíkt tækifæri en ég þarf að vera mjög öflugur líkamlega þegar ég treysti mér í slíkt, en mér finnst eins og það sé svo mikilvægt að leggja sitt af mörkum og ég lærði fjölmargt af því.

*Halldór, þú talaðir á sínum tíma um Svörtu loft og menn sem kæmu hingað á jörðina óvelkomnir, getur þú skýrt það fyrir okkur?*

Já, ég held að það séu nokkurs konar geimverur sem gera sig ósýnilegar, þegar þannig ber undir og þið þekkið nú þessi Svörtu loft það er hnöttur með bundin möndulsnúning og ég er nú á því að þeir séu að troða sér inn í ríkisstjórnirnar og hafa ill áhrif á allskonar ákvarðanir og þess vegna nálgast þessi ótíðindi.

*Hvaða ótíðindi eru það, getur þú útskýrt það?*

Ja, þeir eru helstefnu Drottnarnir, að segja að þeir vilji auka jarðskjálfta og eldgos og líforku jarðarinnar og gegn því þarf að berjast og þessu er haldið leyndu með Svörtu loft. Þarf að koma því í umferð og fá fólk til að vera vakandi um þessi mál.

*Eru þetta sömu öfl sem höfðu hvað mest áhrif á að koma Nasistunum upp í Þýskalandi?*

Já, já, væntanlega og allskonar óþjóðalýð og koma allskonar já já og hermennum og þessar styrjaldir í gegnum söguna. Það er reynt að sundra fólki í sífellu og alltaf þessar styrjaldir.

*Hvernig getum við hérna barist gegn þessu?*

Það er þekkingin, þið hafið Nýalssinna þekkinguna á því að trúarbrögðin eiga ekki að ná yfirhöndinni heldur þekkingin.

Og ekki á móti trúarbrögðunum heldur yfir þau hafin eins og dr. Helgi sagði og skrifaði um og það er svo furðulegt að ennþá eru þið í sömu sporum að deila um þessi trúarbrögð.

Við höfum nú fengið ýmsar sögur hér af þessum múslimum í framlífi, ekki hafa þeir skánað.

*Erum við Nýalssinnar svona einhverskonar ógn gagnvart þessum hálofta verum?*

Já, já ekki spurning og Jahve kom nú nýlega hér í sambandið og var með ýmsar hótanir og sagði að Islendingar stæðu í vegi fyrir sér og svo var talað um ýmis önnur lönd þannig að Nýalssinnar eru með sannleikann í þessu efni og það getur hindrað þeirra stórveldi, sérstaklega á öðrum hnöttum.

Það kom hér eitt samband í kvöld þar sem reynt var að ná sambandi við einn höfðingja hjá þeim.

*Jakob?*

Já, það er kannski gott að það var erfitt að koma því á, en það hefur farið margt betur en áhorfðist, hef ég frétt með jörðina ykkar, okkar gömlu og það verður mikil barátta á næsta ári.

Halda þessu í skefjum og ná aftur fullum tökum.

*Já, við fréttum að Jahve hefði verið með mikið stuð og verið með mikið hernaðarbrölt víða.*

Já, og þeir eru með áætlanir fyrir næsta ár og stórkostlegt að það hefur tekist að hindra það af stórum hluta.

En ég ætla nú að kveðja, en það er eitt samband í viðbót eða tvö, og reyni að hafa þau stutt og vil ég biðja að heilsa mínu fólki og veit að það eru hér nokkrir sem vilja komast að við tækifæri.

Gleður mig mjög að tala við ykkur og sjá að þið eruð aftur að komast í gang eftir svolítið stopp.

*Gaman að heyra í þér.*

Hafið það sem best vinir verið þið sælir.

*Þú sömuleiðis, blessaður.*